



Starfsleyfi -Drög til auglýsingar fyrir æfingasvæði skotfélags

Nafn fyrirtækis: Skotfélag Akraness

Heimilisfang: við Akrafjall

Kennitala: 691294-6099

Sími: 896 8036

Póstnúmer: 300 Akranes

Nafn forsvarsmanns: Óskar Arnórsson

Netfang: oskararn@simnet.is

Útgáfudagur leyfis: xx. apríl 2021

Gildir til: xx. apríl 2025

Fyrirtækið skal hlíta ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma.

1. Almenn ákvæði

- a) Notkun svæðisins er heimil milli kl 12-20 virka daga og á laugardögum frá kl. 12-18. Lokað skal vera á sunnudögum. Heilbrigðisnefnd getur takmarkað opnunartíma enn frekar á gildistíma starfsleyfis ef ástæða er til.
- b) Leyfileg stærð skotfæra er mest cal. 308 á ríffilskotbraut.
- c) Æfingasvæðið skal vera snyrtilegt og öruggt fyrir félagsmenn og gesti. Grassvæði skulu hönnuð með vatnshalla, framræst og tryggja frárennsli frá æfingasvæðinu.
- d) Greið aðkoma skal vera að æfingarsvæðinu m.t.t. umferðar bíla og gangandi fólks. Góð lýsing skal vera á æfingarsvæðinu.
- e) Fara skal eftir þeim öryggisreglum sem gilda fyrir æfingarsvæði skotfélaga og ber forsvarismaður ábyrgð á að öryggisreglum og öðrum reglum félagsins sé framfylgt.
- f) Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og hægt er s.s með notkun hljóðmana, veggja, klefa eða annarra hindrana. Skotið skal af rífflum innanhúss úr skotbyrgi.
- g) Á æfingasvæðinu skal vera snyrtiaðstaða fyrir gesti sem tengd er viðurkenndri rotþró og siturlögn.
- h) Á svæðinu skulu vera ílát fyrir skothylki og soppílát sem tæma skal og hreinsa reglulega.
- i) Tína skal upp skothylki reglulega og stefnt skal að því að minnka notkun blýskothagla eins og mögulegt er.
- j) Eintök af starfsskilyrðum þessum skulu ávallt tiltæk hjá forsvarsmanni.
- k) Forsvarismaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við starfsskilyrði heilbrigðisnefndar.
- l) Fyrirhugaðar minni háttar breytingar á rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Verði um meiri háttar breytingu á rekstri að ræða, skal sótt um nýtt starfsleyfi.

2. Gjaldskylda

Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, þar með talinni starfsleyfisvinnslu.

Starfsleyfi upphaflega gefið út árið 2003 og endurnýjað til eins árs 10. september 2019

Greinargerð með starfsleyfi.

Umsókn um starfsleyfi vegna skotsvæðis barst þann 4. mars 2020. Umsækjandi fyrir hönd Skotfélags Akraness er Óskar Arnórsson. Sótt er um „æfingasvæði skotfélags. Rekstur skotíþróttavalla- og æfingasvæðis ólympískara íþróttagreina. „

Upphaflega var gefið út starfsleyfi fyrir svæðið árið 2003 og endurnýjað til eins árs í september 2019. Landspilda sem skotæfingasvæðið er á er úr landi Óss í Hvalfjarðarsveit. Akraneskaupsstaður á landspilduna. Á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 til 2020 er landsvæðið merkt sem „opið svæði til sérstakra nota“ og í greinargerð skipulags sem „ skotfimisvæði úr landi Óss“. Merkt O33 á uppdrætti. Skotæfingasvæðið er staðsett við rætur Akrafjalls. Í nágrenni við það eru gönguleiðir upp á fjallið, skógræktarsvæði með útivistarstígum og reiðvegur.

Heilbrigðisnefnd hefur beðið eftir að landeigandi deiliskipulegði svæðið frá því umsókn barst en af því hefur ekki orðið.

Úr fundargerð Heilbrigðisnefndar Vesturlands nr. 165, frá 10. febrúar 2021:

„ 5.18 Skotfélag Akraness. Bráðabirgðaleyfi rann út 10. september 2020. Fyrir liggur starfleyfisumsókn dagsett 4. mars 2020. Svæðið er opið svæði til sérstakra nota merkt skotsvæði Óss í gildandi Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Lögð fram yfirlitsmynd skotsvæðis sem sýnir fjarlægðir við íbúðarhús og reiðvegi. Fyrir liggur minnisblað frá 19. júní 2018 frá Akranesbæ þar sem óánægja íbúa á Ósi koma fram. Einnig liggja fyrir niðurstöður hávaðamælinga sem framkvæmdar voru af fyrirtækinu Trivium í janúar 2019. Samþykkt að setja starfsleyfi með gildistíma í 4 ár í auglýsingu þar sem hagsmunaaðilum gefst færi á að gera athugasemdir. „